



Góðir straumar í 40 ár

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1449  
komudagur 5.3.2007

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 05.03.2007

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum**

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum, 570. mál. þskj. 846.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins, annars vegar í Orkubúi Vestfjarða og hins vegar í Rafmagnsveitum ríkisins inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkisins. Ef frumvarpið verður að lögum verða því Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að fullu dótturfélag Landsvirkjunar, sem eftir það fer því með eignarhlutina. Með breytingunni sameinar ríkið eignir sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku sem að mati Landsvirkjunar er til mikillar einföldunar og gefur möguleika á ýmis konar hagræðingu í rekstri allra fyrirtækjanna. Það er jafnframt mat Landsvirkjunar að viðbótareigendaframlag ríkisins til Landsvirkjunar með framangreindum hætti muni styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar umtalsvert, sem er þýðingarmikið fyrir bæði Landsvirkjun sem fyrirtæki og ríkið sem eiganda þess.

Svo sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur af hálfu Samkeppniseftirlitsins verið bent á að með fyrirkomulagi því sem frumvarpið gerir ráð fyrir þurfi að huga að markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaðnum fyrir smásölu raforku til stórnótenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Fyrirkomulag á þessu sviði megi ekki hindra virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Í frumvarpinu eru því sett skilyrði sem miða að því að tryggja aðskilnað í framleiðslu og sölu raforku, en skilyrðin koma fram í 4.–7. mgr. 1. gr. og 4.–7. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Með tilvísun til ábendinga Samkeppniseftirlitsins gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við þau skilyrði sem fram koma í nefndum greinum frumvarpsins. Miklu skiptir þó að framangreind skilyrði komi til endurskoðunar fyrir árslok 2009 í ljósi þróunar samkeppnisaðstæðna, svo sem fram kemur í 2. og 4. gr. frumvarpsins.

Með tilvísun til ofangreinds er Landsvirkjun fylgjandi því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt

Örn Marinósson  
staðgengill forstjóra

